

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1945.

Lög um aukid húsnæði i þarfir ríkisins og stofnana þess, undirskrifuð af forsetanum 12. marz, nr. 59.

Lög um laun starfsmanna ríkisins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 60.

Lög um breyting á lögum nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 61.

Lög um veltuskatt, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 62.

Lög um breyting á lögum nr. 3 6. jan. 1938, um fasteignamat, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 63.

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 8. tbl. Lögbirtingablaðsins 1945, 40 um endurnýjun ferðaskirteina skipa að boði brezku flotastjórnarinnar. 19. febr

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt íslenzku ríkisstjórninni að nauðsynlegt sé að öll íslenzk skip, 10 til 750 smál. að stærð, fái endurnýjuð eins fljótt og hægt er eftir 1. marz 1945, ferðaskirteini þau, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 7. marz 1941.

Skirteini þessi verða afgreidd sem hér segir:

Í Reykjavík hjá brezka aðalkonsúlnum, á Akureyri hjá brezka vice-konsúlnum, á Seyðisfirði hjá brezku flotastjórninni og í Vestmannaeyjum hjá brezka vice-konsúlnum.

AUGLÝSING

um lækun aðflutningsgjalda af kornvörum og sykri.

41

17. jan.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög frá 12. janúar 1945, um breyting á þeim lögum, hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður frá 1. janúar þ. á. að telja til ársloka 1945 verðtoll af: baunum, ertum, linsum, hveiti, rúgi, rís með hýði eða án hýðis, byggi, höfrum, maís og annarri ómalaðri kornvöru; mjöli: úr hveiti, úr rúgi, úr rís, úr byggi, úr höfrum, úr maís og öðru ótöldu; grjónum: úr hveiti, úr byggi, úr höfrum, úr rís og öðru ótöldu.

Enn fremur að lækka um helming um sama tíma aðflutningsgjöld af: sykri, strásykri, höggnum sykri (molasykri), sallasykri (flórsykri), púðursykri, steinsykri (kandís) og toppasykri.

Auk þessa hefur verið ákveðið, að ekki skuli innheimta verðtoll af farmgjaldi af ofangreindum sykri um sama tíma.

Fjármálaráðuneytið, 17. janúar 1945.

Pétur Magnússon.

Magnús Gíslason.